

SKODA Á ÍSLANDI Stefna varðandi kökur



Upplýsingar um kökur og sams konar tækni og tengd úrvinnsla á persónuupplýsingum

1. Inngangur

Velkomin á vefsetur SKODA Ísland („þetta vefsetur“) sem er rekið af HEKLU hf. („við“, „okkar“, „okkur“ eða „SKODA“ eftir því sem við á). Lesið aftasta hluta af þessari stefnu varðandi lagalegar upplýsingar og tengiliði.

Við notum kökur og svipaða tækni sem sækja og geyma upplýsingar á tækinu sem þú notar til að fara á þetta vefsetur. Til að gera þessa stefnu auðlæsilegri vísum við til allra þessara tækniatriða með orðinu „kökur“.

Þessi stefna veitir þér upplýsingar um hvernig kökur vinna og hvenær, hvernig og af hverju við og þriðju aðilar sem við störfum með, nota þær. Næstum allar kökur vinna að því að safna og varðveita einhvers konar form af persónuupplýsingum svo að stefnan lýsir einnig hvaða persónuupplýsingum við vinnum úr eða leyfum öðrum að fá aðgang að, svo og réttindi þín um gagnavernd sem því tengjast.

Sérstök persónuverndarstefna okkar veitir sambærilegar upplýsingar um úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum á breiðari grundvelli en á þessu vefsetri. Sjá á www.hekla.is/personuverndarstefna.

Við kunnum að uppfæra þessa stefnu eftir atvikum. Allar breytingar sem gerðar eru á þessari persónuverndarstefnu verða birtar á þessu vefsetri og ef um er að ræða umtalsverðar breytingar tilkynntar með viðeigandi aðferð.

2. Hver er stjórnar persónuupplýsingum þínum?

Við komum fyrir og lesum úr sumum kökum á tæki þínu í samstarfi við ŠKODA AUTO a.s. („ŠKODA AUTO“). Sumum kökum er komið fyrir og lesnar af okkur eingöngu og sumum er komið fyrir af þriðju aðilum svo sem birgjum okkar eða samstarfsfyrirtækjum. Að því er varðar gagnaverndarlög erum við og ŠKODA AUTO „sameiginlegir ábyrgðaraðilar“ varðandi úrvinnslu persónuupplýsinga þinna með tilliti til allra gerða af kökum sem lýst er í köflum 5 og 6 nema þessi kökustefna taki sérstaklega fram að við séum „einir ábyrgðaraðilar“ með tilliti til úrvinnslu á persónuupplýsingum hvað varðar kökur.

Ábyrgðaraðili er sá sem ákveður hvers vegna og á hvaða hátt unnið er úr persónuupplýsingum þínum. Varðandi kökur sem þriðju aðilar koma fyrir gegnum þetta vefsetur geta þeir aðilar einnig verið ábyrgðaraðilar að persónuupplýsingum þínum sem merkir að þeir bera lögum samkvæmt ábyrgð gagnvart þér hvað varðar þær persónuupplýsingar sem þeir fá. Sjá nánar í kafla [Hvernig við vinnum með þriðju aðilum og lagalegar ástæður fyrir úrvinnslu](#).

3. Hvað eru „kökur“?

Kökur eru smáskrár eða aðrar upplýsingar sem geymdar eru á tæki þínu eða tæki þitt hefur aðgang að sem auðvelda okkur og öðrum að safna upplýsingum um athafnir þínar. Hugtakið „kökur“ getur átt við kökur á vafra og einnig um fjölda af sambærilegum tækniatriðum svo sem rakningu á pixlum/vefvitum, staðbundnum deildum, hlutum/flaskökum og aðgang að upplýsingum um tækið. Sjá næsta kafla um nánari útskýringar á „kökum“ sem notaðar eru á þessu vefsetri.

Vafrakökur gera okkur fært að afhenda mikilvæg atriði á þessu vefsetri. Við notum þær einnig í tilgangi sem er ekki nauðsynlegur í sjálfu sér en mjög nytsamur fyrir okkur eða þig, svo sem að varðveita stillingar þínar og kosti, muna aðgangsupplýsingar þínar, koma til þín markvissu innihaldi og markaðssamskiptum, auðvelda okkur að gera okkur grein fyrir hvaða hluti vefsetursins er vinsælastur og greina virkni vefsetursins.

4. Hvaða gerðir af kökum notum við?

Þar sem kökur varða hvers konar upplýsingar sem geymdar eru eða sóttar frá tæki þínu þá eru þær af ýmsum gerðum. Veljið úr eftirfarandi gerðir af kökum:

Vafrakökur

Kökur geta komið frá okkur („kökur frá fyrsta aðila“) eða frá þriðja aðila sem veita þjónustu sem við notum eða sem við erum í samstarfi við („kökur frá þriðju aðilum“) og sem við veitum leyfi til þess koma kökum sínum fyrir með því að setja upp vefsetrið til samræmis við það. Í sumum tilfellum fáum við upplýsingarnar sem safnað er með því að nota kökur frá þriðju aðilum en varðandi aðrar þá veitir sá þriðji aðili okkur þjónustu án þess að deila þeim upplýsingum á því formi sem þeim var safnað hjá okkur.

Kökur má nota eingöngu í netvafralotum („lotukökur“) eða í lengri tíma („viðvarandi kökur“). Sjá nánar um mismunandi gerðir af kökum sem við notum í næsta kafla.

Greiningarrit

Greiningarrit eru litlir bútar af forritunarkóða sem hægt er að nota til að fylgjast með notendum og hegðun þeirra á vefsetrum. Rakning þessi getur verið einföld, til dæmis rakið hvort og hvenær notandi hefur farið á þetta vefsetur, eða margbrotin rakning, til dæmis rakning á hvort og hvenær notandi bætti við ökutæki við úrtakslista sinn, valið reynsluakstur eða lagt inn eyðublað. Greiningarrit geta veitt þriðju aðilum upplýsingar sem safnað er en hann er oft upprunaaðili ritsins. Greiningarrit geta einnig komið að notum til að persónuger innihald og auglýsingar sem er komið fyrir á vefsetrinu og einnig að útvega þér viðkomandi tilboð á öðrum vefsetrum.

Búnaðargögn

Í sumum tilfellum eru upplýsingar sóttar og lesnar af tæki þínu án þess að geyma eða hafa aðgang að skrá á tæki þínu. Þar sem þessar upplýsingar eru venjulega persónubundnar er nánari útskýring veitt hér að aftan.

5. Hvaða gerðir af persónuupplýsingum fáum við með kökum

Við fáum eftirfarandi persónuupplýsingar um þig gegnum kökurnar sem við notum en þar eru meðtaldar upplýsingar sem við sækjum beint af tölvu þinni, síma, spjaldtölvu eða öðru tæki án þess að vista eða nálgast skrá:

- **Vafrakökur netvafra:** greinendur á kökum, tími/dagsetning, þjónustur/afurðir sem valdar eru, hvort og fyrir hvern þú hefur veitt samþykki;
- **Búnaðargögn:** gerð tækis, skjáupplausn, stýrikerfisútgáfa, upplýsingakjarni netvafra, útgáfa hans og grunnstillingar;
- **Skráningargögn:** Tími og lengd notkunar á þessu vefsetri og leitargögn;
- **Staðsetningargögn:** Gögn um land þar sem aðgangur er frá eins og tæki þitt gefur upp;
- **Hegðunargögn:** Gögn um notkun þína á þessu vefsetri sem við kunnum að vinna úr ef þú heimsækir eða notar vefsetur eða hugbúnað þriðju aðila til að vinna með okkur, og gögn um hvernig þú tekur þátt í innihaldi þessa vefseturs (svo sem vefsíður sem farið er á, ef þú kemur úr markaðssetningarherferð, hnappasmellir, nánari upplýsingar um uppsetningu ökutækis o.s.frv.).

Við getum sett saman fengin persónugögn um þig eða virkni þína við aðrar upplýsingar sem við öflum frá almennum heimildum þegar sem lög leyfa. Sjá nánar í [persónuverndarstefnu](#) okkar um uppsprettur upplýsinganna sem við kunnum að nota.

6. Tilgangur okkar með notkun á kökum

Kökur eru mjög algeng tækni til að muna vissar upplýsingar um hvernig notendur eiga samskipti við vefsetur og nota tæki sín. Nú nota langflest vefsetur kökur og algengt er að nota þær af margvíslegum ástæðum.

Í samstarfi við hinn sameiginlega ábyrgðaraðila. ŠKODA AUTO notum við kökur í eftirfarandi tilgangi:

Óhjákvæmileg notkun



- **Bráðnauðsynlegar kökur.** Þær eru nauðsynlegar til að hægt sé að nota óhjákvæmilegar grunnaðgerðir þessa vefseturs svo sem öryggi, netkerfisstjórn, aðgengi og grunnupplýsingar um notendur. Þess vegna og í samræmi við lög um gagnavernd förum við ekki fram á samþykki þitt til að nota þessar kökur. Þó getur þú aftengt þær með því að breyta vafrastillingum þínum en þetta hefur áhrif á starfsemi vefsetursins og eitt eða fleiri atriði munu ekki virka vel (eða alls ekki) ef þú gerir það.

Nytsöm en ekki óhjákvæmileg notkun

- **Aðgerðir og valkostir.** Þessar kökur virkja háþróað innihald og aðgerðir vefseturs og gefur okkur kost á að vista stillingar þínar og valkosti.
- **Próuð greining.** Þessar kökur auðvelda okkur að skoða fjölbreytta og ítarlega tölfraði um hvernig gestir nota vefsetrið, svo sem með „vinsældagreiningu“ (heatmapping) til að skoða vinsældir hvarra síðu og aðgerðar. Með þeim getum við endurbætt vefsetrið með því að gefa skýrslu um hvernig þú notar það.
- **Persónugreind tilboð.** Þessar kökur eru notaðar til að birta persónugreind tilboð, innihald og auglýsingar sem byggja á hagsmunum þínum á vefsetrinu, á öðrum vefsetrum sem við rekum og vefsetrum þriðju aðila svo sem félagsmiðla.

7. Samþykki þitt til að nota kökur og tengdar persónuupplýsingar

Kökur og tengdar persónuupplýsingar sem notaðar eru í nauðsynlegum tilgangi

Í samræmi við gagnaverndarlög förum við ekki fram á samþykki þitt til að nota þessar kökur þar sem þær eru nauðsynlegar til að tryggja að vefsetrið virki rétt.

Kökur og tengdar persónuupplýsingar sem notaðar eru í tilgangi sem ekki er nauðsynlegur

Við geymum aðeins og lesum þær kökur á tæki þínu sem eru ekki bráðnauðsynlegar og vinnum úr tengdum persónuupplýsingum (eða gera þriðju aðilum sem þjónustuveitendur að gera það) ef þú hefur veitt samþykki þitt og ekki afturkallað það. Við förum fram á að nota þetta kökuverkfæri sem birtist þegar þú opnar einhverja síðu á þessu vefsetri.

Hvernig getur þú veitt samþykki fyrir kökum sem ekki eru bráðnauðsynlegar og tengdum persónuupplýsingum

Þegar þú ferð á vefsetrið í fyrsta sinn færðu beiðni um að veita samþykki þitt fyrir kökum sem ekki eru bráðnauðsynlegar og persónuupplýsingunum sem við fáum í tengslum við notkun þeirra. Þú getur veitt samþykki fyrir öllum kökum sem ekki eru bráðnauðsynlegar með því að velja „Samþykki alla kosti“ eða hafna samþykki fyrir allar kökur sem ekki eru bráðnauðsynlegar með því að velja „Hafna öllum valkostum“. Annar kostur er að þú getur valið að veita samþykki fyrir kökum eftir einstökum notkunarflokkum þeirra.

Ef þú veitir ekki samþykki þitt fyrir þessum kökum munum við ekki nota þær né vinna úr neinum persónuupplýsingum í tengslum við þær. Þú getur dregið samþykki þitt til baka hvenær sem er. Hvers konar notkun á kökum eða tengdum persónuupplýsingum er gild og lögmæt þar til þú dregur samþykki þitt til baka. Sjá kaflana [Hver eru réttindi þín](#) og [Hvernig getur þú beitt réttindum þínum](#) hér að aftan varðandi nánari upplýsingar er varða gagnaverndarrétt þinn.

Hve lengi samþykki þitt er í gildi

Samþykki þitt gildir í 13 mánuði frá þeirri dagsetningu sem þú veittir okkur það til að nota kökur og tæki þess á vefsetri þessu. Að loknum þessum tíma mun köku-tækið líta sjálfkrafa svo á að samþykki þitt hafi verið dregið til baka.

Hvernig getur þú veitt samþykki fyrir kökum sem ekki eru bráðnauðsynlegar og úrvinnslu á tengdum persónuupplýsingum

Þú getur dregið samþykki þitt til baka ef þú hefur áður veitt það fyrir kökum á annan hvorn af tveimur leiðum eftir gerð kökunnar:

- **Notað köku-tækið sem við veitum aðgang að á vefsetrinu.** Þú getur notað köku-tækið hvenær sem er frá hvaða síðu sem er á vefsetrinu með því að smella á atriðið „kökur“ (sem er staðsett neðst vinstra megin á vefsetrinu) og dregið samþykki þitt til aka með því að stilla valkostinn fyrir viðkomandi flokk af kökum á „OFF“. Athugið að ekki er hægt að gera kökur sem rekja tölvupósta óvirkar með þessu tæki.



- **Lagfært stillingarnar á netvafra þínum.** Flestir netvafrar eru sjálfgefið stilltir á að samþykkja kökur. Þó geturðu átt þess kost að stilla netvafrann þannig að upplýsingarnar frá kökum birtast áður en þær eru vistaðar eða að hafna þeim að öllu leyti. Nálgastr má nánari upplýsingar um hinar ýmsu stillingar fyrir kökur og breytingar sem tengjast þeim á algengustu netvöfrum með því að smella á viðkomandi tengil hér að aftan:

Google Chrome: <https://support.google.com/accounts/answer/61416?hl=en>

Internet Explorer: <https://support.microsoft.com/en-gb/help/17442/windows-internet-explorer-delete-manage-cookies>

Microsoft Edge: <https://privacy.microsoft.com/en-us/windows-10-microsoft-edge-and-privacy>

Mozilla Firefox: <https://support.mozilla.org/en-US/kb/enable-and-disable-cookies-website-preferences>

Opera: <http://www.opera.com/help/tutorials/security/privacy/>

Safari: https://support.apple.com/kb/PH19214?locale=cs_CZ&viewlocale=en_US

Athugið að allar breytingar á stillingum netvafra þíns eiga aðeins við um þann sérstaka netvafra sem þú hefur breytt stillingum þínum á. Ef þú notar fleiri en einn netvafra á tæki þarftu að breyta stillingunum sérstaklega fyrir hvorn vafra og hvert tæki fyrir sig. Nánari upplýsingar um kökur geta verið tiltækar á hjálparsíðu netvafrans, stýrikerfisins eða í notendaleiðbeiningum fyrir tæki þitt.

Kökur og tengdar persónuupplýsingar geymdar á tæki þínu eftir að þú dregur samþykki þitt til baka

Eftir að þú hefur dregið samþykki þitt til baka fyrir nauðsynlegar kökur mun þetta vefsetur ekki lengur sækja eða lesa þessar kökur. Eftir því um hvaða kökur er að ræða merkir þetta að skrár, rit, kóða og aðrar upplýsingar sem varða kökur kunna að vera geymdar á tæki þínu. Þú getur eytt þessum kökum með því að hreinsa kökur þínar og skyndiminni netvafrans og notað til þess stillingarnar í netvafra þínum. Sjá tengla fyrir alla algenga netvafra hér að framan varðandi nánari upplýsingar um hvernig þetta er gert.

Hverjar eru afleiðingarnar af því að hafna/draga til baka samþykki þitt fyrir kökum og úrvinnslu á tengdum persónuupplýsingum?

Ef þú hafnar eða dregur til baka samþykki þitt fyrir notkun á öllum kökum sem ekki eru bráðnauðsynlegar eða tengdum persónuupplýsingum þá gætu samsvarandi aðgerðir eða atriði á þessu vefsetri ekki starfað rétt, eða alls ekki. Þetta hefur ekki áhrif á notkun þína á þessum bráðnauðsynlegu atriðum þessa vefseturs.

Ef þú gerir bráðnauðsynlegar kökur (eða allar kökur) óvirkar með því að nota stillingarnar á netvafra þínum gætu ein eða fleiri kjarnaaðgerðir og atriði þessa vefseturs, svo sem þær sem ætlað er að tryggja að heimsókn þín sé örugg og trygg, hætt að virka eðlilega eða alls ekki.

8. Hvernig við störfum með þriðju aðilum og lagalegar ástæður fyrir gagnavinnslu

Við komum netkökum fyrir og lesum þær á þessu vefsetri og fáum persónuupplýsingar um þig gegnum notkun þína á þeim. Þriðju aðilar geta einnig tekið þátt í að koma kökum fyrir, lesa úr þeim eða notað persónuupplýsingar sem fengnar eru úr kökum.

Hlutverk og ábyrgð sem þessir þriðju aðilar bera í tengslum við persónuupplýsingar þínar fara eftir aðstæðum hverju sinni, sem hér segir:

- Við eða þriðji aðili getum komið fyrir kökum á tæki þínu sem veita þriðja aðila aðgang að persónuupplýsingum þínum til gagnavinnslubúnaðar. Þrátt fyrir það, þar sem úrvinnsla þessa gagnavinnslubúnaðar á persónuupplýsingum þínum fer fram samkvæmt nákvæmum fyrirmælum eða er framkvæmd af okkur eða viðkomandi þriðja aðila þá erum við eða hinn viðkomandi þriðji aðili ábyrgðaraðilar fyrir úrvinnslunni þar sem þriðju aðilarnir taka engar ákvarðanir varðandi persónuupplýsingar þínar. Þar sem það á við (og það er þannig í flestum tilfellum) berum við eða þriðji aðili frumábyrgð gagnvart þér varðandi úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum.



9. Hve lengi vinnum við úr og varðveitum persónuupplýsingar þínar?

Við vinnum ekki úr né varðveitum persónuupplýsingar þínar á greinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er.

Við vinnum úr og varðveitum persónuupplýsingar þínar í tiltekinn tíma sem hér segir:

- Hvað varðar bráðnauðsynlegar kökur þá lýkur úrvinnslu á persónuupplýsingum þínum þegar vafraheimsókn þinni er lokið og síðan er persónuupplýsingum þínum eytt (nema hvað varðar kökur sem ætlaðar eru til að muna valkosti samþykkis þíns, sem við varðveitum og vinnum úr í 13 mánuði frá þeim degi sem þú veittir samþykki þitt).
- Unnið er úr öllum upplýsingum sem tengjast kökum þar til samþykki sem leyfir þessa úrvinnslu er dregið til baka eða gengur úr gildi (þ.e.a.s. eftir 13 mánuði í flestum tilfellum) og þá er þeim eytt út.

Einu undantekningarnar frá þeim tímabilum sem tilgreind eru hér að framan eru þegar:

- Lög, dómstólar og eftirlitsyfyrirvöld gefa okkur fyrirmæli um að varðveita persónuupplýsingar þínar í lengri tíma, eða eyða þeim fyrr;
- Þú hefur lagt fram lögbundna kröfu, kvörtun eða áhyggjur varðandi úrvinnsluáðferðir þær sem lýst er í þessari stefnu og þá munum við varðveita upplýsingar þínar í 6 ár frá þeim degi að telja þegar krafan, kvörtunin eða áhyggjurnar voru lagðar fram.
- Þú nýtir rétt þinn til að láta eyða upplýsingunum (þegar það á við) og við þurfum ekki að geyma þær í tengslum við neina af þeim ástæðum sem eru leyfilegar eða er krafist samkvæmt lögum.

10. Hver fær aðgang að persónuupplýsingum þínu varðandi kökur?

Við birtum persónuupplýsingar þínar fyrir þriðju aðilum eða leyfa þeim að fá aðgang að þeim upplýsingum í sambandi við þann tilgang sem nefndur er hér að framan.

Þriðju aðilar sem þjónustuveitendur, umboðsmenn og undirverkatakatar („birgjar“), samstarfsfyrirtæki, fyrirtækjasamstæður og aðrir þriðju aðilar kunna að fá í hendur persónuupplýsingar sem tengjast kökum, annað hvort frá okkur eða frá einhverjum af birgjum okkar.

Hægt er að flokka birgja okkar sem hér segir:

- Veitendur auglýsingatækni (Adtec) og gagnaskiptatækni
- Auglýsingastofur, almannatengsl, stafrænar og skapandi stofnanir
- Veitendur skýhugbúnaðar, svo sem veitendur gagnagrunna tölvupósta og stjórnunar
- Veitendur búnaðar og tækniþjónustu svo sem skönnunar og gagnaeyðingar
- Ráðgjafar og sérfræðingar varðandi lög, öryggi og aðra fagþjónustu
- Markaðsrannsóknafyrirtæki
- Félagsmiðlar
- Veitendur vefsíðu- og gagnaupplýsinga/mótunar á gagnagrunnum
- Þróunarfyrirtæki á sviði vefsetra og appa
- Veitendur vefseturshýsingar

Meirihluti birgja okkar eru úrvinnsluáðilar sem við erum með samning við sem gerir þeim að varðveita öryggi upplýsinga inna og nota þær ekki til annars en í samræmi við sérstök fyrirmæli okkar. Við upplýsum þá og veitum aðgang að persónuupplýsingum sem eru þeim nauðsynlegar til að veita þjónustu sína.

Hvað varðar kökur sem notaðar eru á þessu vefsetri notum við aðalega eftirfarandi lykilbirgja:

Google

Þessi vefsíða notar Google Analytics frá Google, Inc. ("Google"), sem notar kökur til að greina hvernig notendur nota þessa vefsíðu. Vefsíðan notar sérstaklega eftirfarandi þætti:



- Google Analytics - Eftirlit með stöðu reiknings og frammistöðu, samantekt yfir markhóp, virkir notendur, notandakönnuður, greiningarmarkhópur, gæði gesta, líkindi á breytingum, samanburðarskýrslur, lýðfræði og áhugahópar, skýrslur um notandaflæði, Adwords skýrslur;
- DoubleClick Digital Marketing - Samþætting á Doubleclick Campaign Manager, virkjun á endurmarkaðssetningar- og auglýsingaskýrslum í greiningum, kjörstilling efnismarkaðssetningar, kjörstilling á markaðssetningu í gegnum leitarvél, vefhraði;
- AdSense - AdSense í greiningu, greiningarhópamyndun, síðuleit, viðburðir, skýrsla um hegðunarflæði, markmiðasköpun og stjórnun, markmiðafleði, tilvísun, skýrsla um yfirtöku, hegðun notanda.

Þær upplýsingar sem myndast með köku um notkun á vefsvæðinu (þar með talið IP-talan) kunna að verða sendar til og geymdar hjá Google á miðlurum í Bandaríkjunum.

Google mun nota þessar upplýsingar til að meta notkun á vefsíðunni og til skýrslugerðar um slíka notkun til tengist aðgerðum á vefsíðunni og almennri notkun á Internetinu. Google kann einnig að veita þriðja aðila þessar upplýsingar ef lög krefjast þess eða ef slíkir þriðju aðilar vinna úr gögnum fyrir hönd Google. Hægt er að afvirkja notkun á kökum á vefsíðunni eins og lýst er hér að ofan eða með því að breyta viðeigandi stillingum í vafranum, en ef þú gerir það fyrir allar gerðir af kökum áttu ekki eftir að geta notað alla eiginleika vefsíðunnar.

Til að afþakka eftirlit frá Google Analytics á öllum vefsíðum skaltu fara á: <https://tools.google.com/dlpage/gaoptout>

Nánari upplýsingar m einingarnar sem taldar eru hér að framan og meðhöndlun Google á persónulegar upplýsingum sjá www.google.com/policies/privacy/partners og <http://www.google.com/intl/en/privacy/privacy-policy.html>.

Facebook

Þetta vefsetur notar greiningarkökur, pixla og önnur tækniatriði Facebook Inc. („Facebook“) sem leyfir söfnun eða sókn á upplýsingum af þessu vefsetri og öðrum setrum á internetinu. Facebook kann að nota upplýsingarnar til að útvega mælingar og marksetningu á auglýsingum.

Ef þú dregur samþykki þitt til baka á persónugerðum kökum (eins og lýst er hér að framan í þessari stefnu) með því að nota tæki til samþykktar á þessu vefsetri eða aftengir söfnun á kökum með því að nota stillingar á netvafra þínum þá hættir Facebook að safna og nota upplýsingarnar en ef þú gerir þetta fyrir allar gerðir af kökum getur þú ekki lengur notað til fulls þau atriði sem þetta vefsetur býður upp á.

LinkedIn

Þetta vefsetur notar LinkedIn Insight Tag sem er kóðabútur í Java frá LinkedIn Corporation, sem er dótturfyrirtæki Microsoft Corporation („LinkedIn“) og leyfir því að útbúa nákvæmar skýrslur um auglýsingaherferðir og opna fyrir hugmyndir um gesti vefsetra sem kunna að koma í gegnum herferðir á LinkedIn (þ.e.a.s. greina lýðfræði fyrirtækja með því að tengja lag af LinkedIn gögnum frá gestum vefsetursins). Insight Tag gefur kost á að safna lýsigögnum svo sem IP-vistfangi, tímastimpli og atburðum svo sem skoðun á síðum.

Þú getur valið þig frá LinkedIn á síðu LinkedIn fyrir stillingar. Nánari upplýsingar um Insight Tag er að fá hér: <https://www.linkedin.com/help/lms/answer/65521/the-linkedin-insight-tag-overview?lang=en>.

Aðrir aðilar

Við kunnum að upplýsa aðra þriðju aðila um persónuupplýsingar þínar, sem hér segir:

- Allir þriðju aðilar sem vinna að endurskipulagningu, sölu eða öflun á einhverjum hluta eða öllum viðskiptum okkar eða eignum eða öðru ef um er að ræða samruna, endurskipulagningu eða slíka atburði; og
- Ef við erum skuldbundin til að gefa upp eða deila upplýsingum þínum vegna lögleggrar eða eftirlitstengdrar skuldbindingar eða beiðni svo sem frá lögreglu, gerðardómum, eftirlitsaðilum, stjórnvöldum og tengdum stofnunum.

Persónuupplýsingar sem aðrir ábyrgðaraðilar fá aðgang að

Þegar við upplýsum þriðju aðila um eða veitum þeim aðgang að persónuupplýsingum þínum sem einnig eru ábyrgðaraðilar að þeim upplýsingum (t.d. tilteknir birgjar, fyrirtækjahópar eða samstarfsfyrirtæki okkar) geta þeir

upplýst um eða flutt þær til annara stofnana í samræmivið gagnaverndarstefnu sína. Til dæmis á þetta við um sumar aðgerðir sem lýst er hér að framan varðandi Facebook. Þetta kemur ekki til að hafa áhrif á réttindi þín varðandi gögn eins og nánar er tilgreint hér að aftan. Þegar þú biður okkur um að leiðrétta, eyða eða takmarka úrvinnslu á upplýsingum þínum munum við gera réttmætar ráðstafanir um að veita þessari beiðni áfram til þeirra þriðju aðila sem við höfum deilt persónuupplýsingum þínum með.

Einkum upplýsum við ŠKODA AUTO og veitum þeim aðgang að persónuupplýsingum þínum. Nánari upplýsingar um hvernig ŠKODA AUTO meðhöndlar persónuupplýsingar þínar, farðu á gagnaverndarstefnu þeirra á <http://www.skoda-auto.com/data-privacy>.

11. Uppsprettur að persónuupplýsingum þínum

Allar persónuupplýsingar sem fengnar eru með kökum á þessu vefsetri koma beint frá þér. Við kunnum að fá þessar upplýsingar frá þriðja aðila ef við erum ekki sá aðili sem kemur kökunni fyrir á tæki þínu.

12. Flutningur á persónuupplýsingum þínum til annara landa

Flytja má persónuupplýsingar þínar sem tengjast kökum út fyrir SKODA á Íslandi og Evrópska efnahagssvæðið ("EES") ef þú veitir okkur skýrt leyfi til þess eða ef við tryggjum fullnægjandi öryggi á gagnavernd fyrir gögnin sem flutt eru.

Í tengslum við Google Analytics og eða notkun á kökum sem varða greiningu, markaðssetningu og félagsmiðlar og aðra veftækni sem lýst er hér að framan, sem til dæmis Facebook sér um verða þær fluttar til fyrirtækja í Bandaríkjunum þegar þú hefur veitt samþykki þitt til þess og varðveittar á netþjónum sem staðsettir eru í Bandaríkjunum. Þú þarft að gera þér grein fyrir að slíkir flutningar eru áhætta fyrir gagnavinnslu þína vegna þess ákvörðun um fullnægjandi aðferðir og viðeigandi verndarráðstafanir eru ekki til staðar. Gagnaflutningar og gagnavinnsla af hálfu samstarfsaðila okkar í Bandaríkjunum kunna að vera háðir eftirlitsáætlunum bandarískra stjórnvalda og leyniþjónustustofnanir og alríkislögregla í Bandaríkjunum geta síðan fengið aðgang að gögnunum. Enn fremur hafa þeir sem ekki eru bandarískir borgarar sömu möguleika á að vinna gegn eftirliti af hálfu National Security Agency eða Director of National Intelligence. Að síðustu má nefna að í Bandaríkjunum er ekki til sérstakt yfirvald sem ber ábyrgð á eftirlitsstarfsemi. Einstök ríki innan Bandaríkjanna hafa mismunandi tengiliði varðandi eftirlitsheimildir sem varða gagnavernd með sérstökum dómstól sem sér um mál á vegum Foreign Intelligence Surveillance.

Ef við flytjum upplýsingar þínar til annara landa utan Íslands og EES munum við gera ráðstafanir sem tryggja að viðeigandi öryggisráðstafanir verði gerðar í þeim tilgangi að tryggja að einkalíf þitt sé áfram verndað eins og tiltekið er í þessari gagnaverndarstefnu. Þessar ráðstafanir eru meðal annars:

- Að tryggja að Ísland/EES-ríki þangað sem flutningur fer fram hafa verið álitin veita fullnægjandi vernd fyrir persónuupplýsingar þínar hvað varðar gagnaverndar af hálfu viðkomandi yfirvalda;
- Krefjast samningsbundinnar skuldbindingar frá viðtakanda á persónuupplýsingum þínum með beitingu ákvæða sem gefin eru út af viðkomandi yfirvöldum í þeim tilgangi. Við notum þessi ákvæði til að tryggja að upplýsingar þínar njóti verndar þegar persónuupplýsingar þínar eru fluttar til birgja okkar utan Íslands; og

Hafðu sambandi við okkur og notaðu upplýsingarnar aftast í þessari stefnu varðandi nánari upplýsingar um vernd sem við veitum og til að fá afrit af viðkomandi gögnum.

Ef þú notar þetta vefsetur meðan þú ert utan Íslands og EES verða upplýsingar þínar fluttar út fyrir þessi landssvæði til að geta leyft þér að nota þetta vefsetur.

13. Sjálfvirk ákvarðanatöku

Við sjáum ekki fyrir okkur að neins konar úrvinnsla til að taka ákvarðanir sem hafa lagaleg eða mikilvæg áhrif á þig verði tekin með fullkomlega sjálfvirkum hætti en við munum uppfæra þessa stefnu og upplýsa þig ef þessi afstaða breytist,

14. Aðrar upplýsingar

Til að vernda persónuupplýsingar þínar gegn óleyfilegum aðgangi eða óleyfilegum breytingum á birtingu eða eyðingu gagna sem og vinnum úr, höfum við gripið til tilhlýðilegra skipulags- og tæknilegra aðgerða, þar á meðal efnislegra, rafrænna og skipulagslegra ferla til að vernda og tryggja upplýsingarnar er safnað er í gegnum þessa vefsíðu.



Hver eru réttindi þín?

Samkvæmt persónuverndarlögum hefur þú eftirfarandi réttindi:



Að fá aðgang að þeim upplýsingum sem við geymum um þig.



Að draga til baka samþykki þitt fyrir kökum eða vinnslu (þar sem við byggjum á því).



Að leiðrétta og uppfæra upplýsingar þínar.



Að eyða upplýsingum þínum (ef við þurfum ekki að nota þær af lagalegum ástæðum).



Að takmarka frekari úrvinnslu á upplýsingum þínum.



Að flytja upplýsingar þínar yfir á form sem vélar geta lesið til þín eða annars ábyrgðaraðila.



Að mótmæla notkun á upplýsingum þínum sem unnið er úr á grundvelli lögmætra hagsmuna (nema við þurfum þess af löglega bindandi ástæðu) eða fyrir beinar markaðssetningu.



Að vera ekki viðfang sjálfvirkrar ákvarðanatöku sem kann að hafa mikil áhrif á þig.



Hvernig getur þú framfylgt réttindum þínum?

Ef þú ert með einhverjar fyrirspurnir varðandi þessa stefnu, meðhöndlun okkar á persónuupplýsingum þínum almennt eða í tengslum við gagnaverndarréttindi þín getur þú haft samband við SKODA á Íslandi og ŠKODA AUTO og notað eftirfarandi upplýsingar:

SKODA á ÍSLANDI



með tölvupósti.
gdpr@hekla.is



Í síma:
+354 590 5000



Í pósti:
Laugavegur 172, 105 Reykjavík

Í tengslum við framfylgni réttinda þinna kann SKODA á Íslandi að innheimta ásættanlegt gjald með tilliti til stjórnunarkostnaðar fyrir vinnslu þegar beiðnir frá skráðum aðila eru augljóslega tilhæfalaus eða rengdarlausar.

ŠKODA AUTO



á vefsetri:
<http://www.skoda-auto.com/data-privacy/>



Í tölvupósti:
DPoffice@skoda-auto.cz



Í pósti:
ŠKODA AUTO a.s.
Data Protection Office
tř. Václava Klementa 869
Mladá Boleslav II
CZ 293 01 Mladá Boleslav

Í tengslum við framfylgni réttinda þinna kann ŠKODA AUTO að innheimta ásættalegt gjald með tilliti til stjórnunarkostnaðar fyrir vinnslu þegar beiðnir frá skráðum aðila eru augljóslega tilhæfulausar eða rengdarlausar.



Að hafa samband við gagnaverndarteymi okkar

Varðandi spurningar í tengslum við þessa gagnaverndarstefnu eða almennt um persónuupplýsingar þínar er hægt að hafa samband við gagnaverndarstjóra <SKODA á Íslandi> eða gagnaverndarfulltrúa (DPO) ŠKODA AUTO.



www.hekla.is



hekla@hekla.is



<http://www.skoda-auto.com/data-privacy/>



dpo@skoda-auto.cz



Skráning kvörtunar

Ef þú ert ósammála því hvernig SKODA á Íslandi eða ŠKODA AUTO vinni úr eða meðhöndli persónugögn þín hefurðu rétt til að leggja fram kvörtun við SKODA á Íslandi, HEKLU hf, gagnaverndarfulltrúa (DP) ŠKODA AUTO eða hjá eftirlitsaðila.



SKODA / HEKLA hf.
Laugavegi 172
105 Reykjavík
Ísland>



+354 590 5000



SKODA á Íslandi / HEKLA hf.:
<https://www.hekla.is>



TÉKKLAND
Office for Personal Data Protection
Pplk. Sochora 27
CZ 170 00 Prague 7



+420 234 665 111



<http://www.uouu.cz/en>